

REGLUR

um breytingu (13) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Sjöunda málsgrein 43. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Dómnefnd er enn fremur skylt að hafa til hliðsjónar framgangsreglur Háskóla Íslands, nr. 863/2001. Við nýráðningu skal þó ekki gera kröfu um lágmarksstig fyrir kennslu, sbr. 4. gr. áðurnefndra framgangsreglna. Dómnefnd er heimilt að hafa til hliðsjónar þau gögn sem kunna að vera til um umsækjendur í vörslum háskólans og snerta starfshæfni og vinnuframlag.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 17. október 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.